

Aðalmeinið og hvernig bæta mæt

GRIMDIN og miskunarleysið eru ljótustu lestir mannkynsins. Og miss Dorothy Thompson hefir alveg rjett fyrir sjer í því, að þetta kemur fram á sjerstaklega viðbjóðslegan hátt, þegar þeir, sem jafn framt ástunda og eiga þess kost, að láta fara vel um sjálfa sig, beita þá djöfullegri grimd, sem þeir eru settir yfir, og þannig, að þeir, sem fyrir pindingunum verða, geta engri vörn við komið. En þar sem í grein miss Thompson, í Lesbók Mbl. 9. 12. segir: „villimaður nútímans — villimaður 20. aldarinnar — þekkir og skilur dýpstu leyndardóma náttúrunnar“, þá er það margföld lýgi og hin mesta. Því að bæði er það, að þekking á hæsta stigi — eins og það væri að „þekkja dýpstu leyndardóma náttúrunnar“ — getur ekki samrýmt villimensku, og svo verður að muna eftir því, að vísindin hjer á jörðu eru — þó að árangurinn sje að mörgu leyti þegar furðulegur orðinn — aðeins á byrjunarstigi. En ástæðan sú, að leitin eftir þekkingu hefir verið stunduð aðeins af fáum, hjá því sem þurft hefði og við litinn almennan áhuga á því starfi. Og eigi einungis það, heldur hagaði svo til öldum saman, að varla var til óvin-sælla starf en leitin eftir þekkingu. Og nokkuð eldri jafnvel eftir af þessu snúpi, þar sem þeir munu vera nokkuð marg-

ir, sem einmitt vilja kenna sfinni þekkingu um sitthvað þi fari manna, sem síst er ei og ætti að vera, og láta sjer jafnvel koma til hugar, að á þess mætti ráða bót með endurvakingu miðaldal-grar trúrækni listdýrkunar. En slíkir gleyti því, að einmitt á þessum öldum hinnar efalausú trúar og ótrulegu vanþekkingar, sem nefndar hafa verið mykraaldinn voru unnin svivirðilegri grimdarverk, en eftir að vanþekkingarmyrkrinu fór þó eitthvað ljetta af. Jafnvel hjer á landi þar sem grimd mun þó var hafa náð öðru eins hámarki víða annarsstaðar, var veslings kvenfólk, sem ekki hafði til saka unnið annað láta undan ásókn karlmannslátið í poka og ýtt út í hylir alkunna í Öxará, til þess drukna þar; en karlmenn voru hálshöggmenn, eða jafnvel bresir lifandi, eins vesalings Þóarinna Halldórsson, sem var geið það að sök, að hann hefði læknað þrjá naufgripi með rúristum, en einnig að vísu með sömu aðferð, orðið stúlku bana, sem dó, skömmu eftir, Þórarinn hafði reynt þessa lækingu. Því að mjer skilst svo se

En óhætt virðist að gera ráð fyrir því, að rúnastafir hins ógæfusama galdramanns, muni jafnlitlu hafa valdið um dauða hinnar sjúku stúlku, eins og um endurfengna heilbrigði nautanna. Að svo svívirðilegt athæfi af yfirvaldanna hálfu, lagðist niður, og að visu hjer á

aukinni kirkjurækni og meiri guðsorðalestri, heldur eflingu greindarinnar fyrir aukna þekkingu. En vilji menn skilja vegna hvers framfarinnar hafa þó ekki orðið meiri í þá átt, verður að muna eftir því, að jafnvel eftir að hætt var að ofsækja helstu brautryðjendur mannkynsins í vitefnum, fór þó öll undirstöðuaukning þekkingar fram við lítinn áhuga almennings og lítill laun. Jafnvel þeir, sem reyndust með uppgötvunum sínum hinir mestu velgjörðamenn þjóðanna, og raunar alls mannkyns, voru þó vanalega, í lífanda lífi heldur lítills metnir, og fjeltilir jafnan, a. m. k. móts við marga aðra, sem ekki höfðu meira, eða jafnvel miklu minna til gagns unnið. Og er þar með þó of litið sagt. Því að ósjaldan í sögu mannkynsins hafaeinmitt þeir verið mest metnir og við bestar ástæður lífað, sem hin verstu verk hafa unnið.

Aðalmeinið er þetta. að hje-góma, lygi og villu, hefir mannkyn jarðar varrar í hávegum haft, en fyrirlitið sannleikann og leitina eftir sannleik. Og þetta hefir hefnt sín illa. Það er þess vegna, sem ekki er til ennþá sú lífernissfræði, sem svo mjög hefir vanhagað um, að nú má sjá fram á fullkomið strand

fyrir mannkyni jarðar varrar ef ekki verður bráðlega úr þeim skorti bætt. En það er sannast að segja, að horfurnar eru í því efni, næsta óvænlegar ennþá.

Að visu hefir nú á þessum síðustu árum geisimiklu fje verið varið til vísindarannsókna, svo miklu jafnvel, að engin dæmi eru til neins áður, í þeim efnum, sem þar geti komist í nokkurn samjöfnuð við. En langmestu þessu fje hefir verið varið til að kosta rannsóknir á því, hvernig hin nýja eðlisfræði geti orðið notuð til að framleiða, sem allra stórkostlegust tæki til að drepa sem flesta, og leggja jafnvel hinar stærstu borgir í rústir, á sem skemstum tíma. Og er svo að sjá, af því, sem frjettist, að þrátt fyrir heimsstyrjaldarlokin, hafi enn þá litið verið gert til að rannsaka möguleika kjarnorkunnar öðru vísi en frá hernaðarlegu sjónarmiði. Þess eru engin dæmi, að nokkrum vísindalegum árangri hafi verið tekið af jafnmikilli og almennri hrifningu og þeim sem orðin kjarnorka og kjarnorkusprengja gefa til kynna, og skal því síst neitað, að þar er um stórkostlegar framfarir að ræða, í þekkingu og tækni. En þó hafa þessar framfarir á sjer helstefnumarkið enn sem komið er, og verður ekki sjeð, að þær geti leitt til hinnar nauðsynustu stefnubreytingar. Eða rjettara sagt, það er óhætt að fullyrða, að svo getur ekki orðið.

Það er líffræði, jarðfræði og heimsfræði; sem nú er mest þörf

in fyrir aukna þekkingu og aukinn áhuga. Það er úr þeirri átt, sem vænta má þess þekkingarauka er ekki verður án verið, ef aldaskiftin, þau sem **munu mannkyninu af stað.** Og er upphafsskilnings í þessu mesta máli, varla að vænta af öðrum en þeim, sem umfram annað, hafa verið ævi sinni til að reyna að kynnast eitthvað þeim vísindum. En nú er svo komið, að tilfinning þess, að um meiri aldaskifti sje að ræða á þessum tímum, ef nokkur hafa verið áður, virðist vera orðin talsvert rík hjá mönnum. Og haft er eftir ýmsum hinum frægustu stjórnmálamönnum, bæði austan hafs og vestan, að þeir telji framtíð mannkynsins stofnað í hina mestu tvísýnu, ef ekki gæti nú hafist öld hins órjúfanlega friðar. Og að vísu er nú mun auðveldara að sjá, en var fyrir rúmum 30 árum, að um úrslitátíðamót er að ræða í sögu mannkyns vors.

S. B. segir í skemtilegri grein í Mbl. 22. jan., að dagurinn, sem hið nýja þjóðabandalag settist fyrst á rökstóla í Lundúnum, hafi fengið heitið „Upphafsdagur hins nýja heims“.

Má af heiti þessu ótvíræðlega marka, að um geisimikla eftirvæntingu er að ræða, og glöggan skilning á því, hver nauðsyn er á nýum, þ. e. endurbættum heimi. Eða, svo að nokkru vísindalegar sje til orða tekið, róttækri breytingu til batnaðar, á lífinu hjer á jörðu. En vel mega þeir muna, sem aldur hafa til þess, hve mjög menn óskuðu þess, enda treystu því, að

heimssyrjöld sú, sem menn kalla nú þá fyrri, væri síðasta styrjöld mannkynsins. — Fyrri styrjöldin hlaut jafnvel nafnið: styrjöldin til að gera enda á styrjöldum. Og var að vísu auðveldara að gera sjer slíkar vonir þá, heldur en nú er. Því að horfurnar eru nú langtum síður friðvænlegar. Og með vissu má segja það fyrir, að engir fundir og engar samþyktingir, munu geta afstýrt þriðju heimstyrjöldinni — þar sem ekki þarf að efa, að kjarnorkuvopnum mundi verða beitt — ef ekki kemur til það nýja ljós þekkingar, sem ekki blindar, eins og kjarnorkuljósíð, heldur sýnir mannkyninu þá leið sem fara verður, til þess að algerðu hruni verði afstýrt, en upphaf geti orðið þeirrar aldar, er altaf sje lifað betur og betur samkvæmt tilgangi lífsins.

Því hefir verið spáð, að þetta nýja og svo nauðsynlega ljós, muni koma frá Íslandi. Og það er óhætt að segja, að nú þegar er farið að týra hjer á því skari. Og þyrfti þess nú mjög, að íslensk þjóðræki reyndist í þessari úrslitaraun, ekki ver en svo, að það ljós verði glætt en ekki slökt. En þó virðist ekki allitil hætta á því nú, að einmitt svo geti farið, að slökt verði. Og mundi þá rætast spáin sú, að íslensk framtíð muni hvorki verða löng nje góð, ef ekki tekst að sýna fram á þýðingu íslensku þjóðarinnar fyrir alt mannkyn. En vilji menn líta í bækur minnar, munu þeir geta sannfærast um, að þar hefir, hjer og hvar, verið rjett sagt fyrir um hin stærstu tíðindi, en aldrei rangt.

Jan. 1946